

Heilbrigðisráðuneytið
b.t. heilbrigðisráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2019


Efni: Starfshópur um rafrettur

Félag atvinnurekenda vísar til fréttar á Stöð 2 12. október síðastliðinn, þess efnis að heilbrigðisráðherra hafi ákveðið að stofna starfshóp sem samanstendur af fulltrúum ráðuneytisins, embættis landlæknis, Neytendastofu og umboðsmanns barna. Hlutverk starfshópsins er að hamla gegn notkun ungmenna á rafrettum og tengdum varningi.

Félagið leyfir sér að benda heilbrigðisráðherra á að félagið og innflytjendur og seljendur rafrettna, sem eiga aðild að félaginu, hafa lýst yfir vilja til samstarfs til að tryggja eftirlit og framfylgni laga um rafrettur til að stemma stigu við notkun ungmenna á slíkum vörum. FA vísar um það efni til bréfs FA til ráðuneytisins dags. 2. október sl. og tölvupósts hóps rafrettuverslana til ráðuneytisins 7. október sl. Engin svör hafa borist frá ráðuneytinu við þeim erindum.

Að mati félagsins eru seljendur rafrettna mikilvægur aðili í baráttunni gegn notkun ungmenna á rafrettum og því mikilvægt að samráð sé á milli stjórnvalda og söluaðila. Með fullri virðingu fyrir þekkingu og yfirsýn embættismanna leyfir félagið sér að benda á að starfsfólk rafrettuverslana er lykilfólk í því að framfylgja ákvæðum laganna um bann við sölu til ungmenna og býr jafnframt yfir yfirburðapekkingu á markaðnum, eftirspurn ungmenna eftir vörunum og tilraunum til að komast framhá ákvæðum laganna um aldursmörk og öryggisatriði.

Að mati FA er nauðsynlegt að í starfshópi ráðherra sé sem breiðust þekking og reynsla, auk þess sem samstarf aðila beggja megin borðs muni auka mjög líkur á að tillögur starfshópsins skili tilætluðum árangri; að stemma stigu við notkun ungmenna á rafrettum og tengdum vörum. Félag atvinnurekenda ítrekar því boð sitt og félagsmanna um samstarf við ráðuneytið og býður fram fulltrúa í starfshóp ráðherra.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags atvinnurekenda

Jónatan Hróbjartsson lögfræðingur